

Heimildir

Sáúð þér hinn látna í banalegunni og þá hvenær síðast? Sáúð þér líkið og þá hvenær?

Er vottorðið skrifað eftir skýrslu annarra og þá hvers eða hverra?

Fór mannskaðarannsókn fram og þá hvenær (læknir gæti ábyrgðar sinnar í því efni um voveiflegt mannlát)?

Var líkið krufið og þá hvenær, hvar og af hverjum?

258

29. nóv.

Gera skal grein fyrir heimildum á þann hátt, sem í reitnum greinir.

Jákvætt svar við því, að mannskaðarannsókn hafi farið fram, gildir sem auðkenning á dánarvottorði varðandi voveiflegt mannlát eða fundið lík, sbr. síðari málsgr. 1. gr. reglugerðar nr. 24 1. apríl 1936, um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

7. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem í leiðbeiningum þessum eru settar um ritun dánarvottorða, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

8. gr.

Leiðbeiningar þessar ganga í gildi 1. janúar 1951, og falla þá jafnframt úr gildi Leiðbeiningar um dánarvottorð og dánarskýrslur, út gefnar af landlækni 15. október 1940, og Reglur um sérstök dánarvottorð fyrir þá, sem deyja voveiflega eða finnast lík, út gefnar af landlækni 1. apríl 1936.

Leiðbeiningar þessar eru hér með staðfestar samkvæmt fyrirmælum 1. gr. laga nr. 42 8. maí 1950.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 29. nóvember 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingar á lyfsöluskrá I frá 1. maí 1950.

259

25. nóv.

Bráðabirgðaákvæði 13. töluliður, bls. 53, orðist þannig:

Frá og með 1. desember 1950 og þar til öðruvisi verður ákveðið, hækka lyf samkvæmt lyfsöluskrá I, er gekk í gildi 1. maí 1950, um 30%, en ílát og umbúðir um 50%, vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu, samkvæmt lögum nr. 22 frá 19. marz 1950.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. nóvember 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.